DV

Menning

Píanótónleikar

Tónlist

Finnur Torfi Stefánsson

Evrópusamband pínókennara hélt tónleika í Íslensku óperunni í gærkvöldi þar sem Halldór Haraldsson píanóleikari lék einleik á píanó. Á efnisskránni voru verk eftir Ludwig van Beethoven, Bela Bartok, Maurice Ravel, Claude Debussy og Frederic Chopin.

Beethoven samdi Pathétique sónötuna á fyrsta hluta ferils síns. Samt er enginn byrjendabragur á verkinu heldur ber það skýr merki höfundarins bæði að formi og innihaldi. Þetta hefur um langt skeið verið með vinsælustu píanóverkum og eru fyrir því góðar ástæður. Verkið er vel samið, frumlegt og yndisfagurt. Það sama verður ekki sagt um 32 tilbrigði eftir sama höfund. Þetta verk er passacaglia eða öllu heldur Chaconna og tekst aldrei að komast yfir þá formlegu einhæfni sem jafnan er hætta á í slíkum verkum ef ekki er gert eitthvað sérstakt til að koma í veg fyrir það. Verkið hljómar á köflum eins og fingræfing fyrir píanóleikara eða þjálfunarstykki í tónsmíðum.

Þrjú ungversk þjóðlög eftir Bartok, Oiseaux tristes eftir Ravel og Pour le piano eftir Debussy eru allt vel gerðar og fallega hljómandi tónsmíðar en stóðust þó ekki samanburð við þá sjaldgæfu dýrgripi þar sem eru Noktúrna í cís-moll og Polonaise í As-dúr eftir Chopin.

Það er ekki á hvers manns færi að halda tónleika með efnisskrá af þessu tagi og á Halldór Haraldsson þakkir skildar fyrir framtakið. Flutningur hans var yfirleitt mjög góður, en bestum tökum náði hann í túlkun ljóðrænna kafla. Hæst reis túlkun hans í Noktúrnu Chopins þar sem honum tókst að skapa mjög sterka stemningu.

Sáttargjörð við dauðann

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

Fyrir einu og hálfu ári hélt Arngunnur Ýr Gylfadóttir sýningu í listasalnum Nýhöfn sem var æði nærgöngul við áhorfandann. Hún var opinskátt systurtorrek; byggð upp af ýmiss konar dauðaminnum sem skírskotuðu til örlaga tiltekins ástvinar, en gegndu einnig því hlutverki að minna okkur lifendur á návist dauðans. Svoleiðis áminningar, nefndar memento mori, eru algengar í eldri myndlist. Enginn efaðist um hug og dug þessarar ungu listakonu, en þegar upp var staðið reyndist einstaklingsbundinn sársaukinn hinni almennu áminningu, og þar með almennri skírskotun, sennilega yfirsterkari.

Sýningin, sem Arngunnur Ýr heldur að Kjarvalsstöðum um þessar mundir, er nokkurs konar framlenging þessarar umfjöllunar um „dauðans óvissa tíma", en með öðrum formerkjum. Hún er meiri um sig, þematískari og þar af leiðandi öllu hlutlægari. Sársaukann hefur listakonan virkjað í þágu gegnumgangandi hugmyndakerfis. Um rúmlega fimmtíu verk sýningarinnar segir Arngunnur Ýr í sýningarskrá: „Þótt myndefnið sé fráhrugðið innbyrðis skapast þar samband sem hver mynd ein og sér væri ekki fær um að lýsa."



Arngunnar Ýr ásamt einu myndverka sinna.

Röntgenmyndir

Öðrum megin austursalar eru eingöngu ljósakassar af ýmsum stærðum. Eru þeir eins og nútíma útgáfa af helgiskrínum þeim sem varðveita jarðneskar leifar kaþólskra dýrðlinga, en geyma röntgenfilmur í stað líkamsparta. Röntgenfilmurnar leggur listakonan ofan á önnur aðföng, t.d. hár, bein og myndir af himintunglum. Þannig vill hún koma á framfæri heildrænni veraldarsýn, þar sem innviðir líkamans og innviðir alheims kallast á. Það sem kemur fyrir líkamann, hrörnun og dauði, er samkvæmt því ekki endalok eins eða neins, heldur hluti af undraverðu sköpunar- og þróunarmynstri, sem kannski er aðeins hægt að skrifa á reikning æðri máttarvalda.

Andspænis ljósakössunum eru fjórar myndraðir sem listakonan kallar Varanlegar menjar, einnig unnar með blandaðri tækni, þar á meðal olíu, plexígleri, flaueli, rósum, hári og marmara. Þessar myndraðir eru í rauninni ítrekun á þeim viðhorfum sem fram koma í ljósakössunum, en í áþreifanlegra – og kannski fyrirsjáanlegra – formi.

Innri og ytri veröld

Mjúkir og safaríkir ávextir í ytri veröld okkar eru spegilmynd líffæranna; lögun þeirra og áferð kallar upp í hugann frekari ytri hliðstæður (bresti í glerrúðu, æðar í marmara o.fl.) sem vísa aftur á enn aðrar innri hliðstæður og svo framvegis, væntanlega til eilífðarnóns. Boðskapur listakonunnar virðist hér aftur vera sá að innri og ytri veruleiki séu eitt, hluti af sama sköpunarverkinu. Út af fyrir sig standa myndraðirnar undir þeirri kenningu og innan sinna takmarka eru þær býsna áhrifaríkar, ekki síst nr. II.

Á hinn bóginn nægja þessar samlíkingar úr efnisheiminum tæplega til að skapa verkunum þá andlegu vídd sem listakonan lýsir eftir í sýningarskrá, kannski helst fyrir allt að því munúðarfullan áþreifanleika þeirra.

Ef líta má á fyrri sýningu Arngunnar Ýrar sem samfellda tjáningu harms, er kannski ekki úr vegi að líta á sýninguna að Kjarvalsstöðum sem sáttargjörð við dauðann.

Að henni yfirstaðinni getur listakonan væntanlega tekið aftur upp merki lífsorku og ástar.

Fréttir

Viðskiptabókun við Sovét:

Rammasamningur tilbúinn til undirskriftar

Rammasamkomulag hefur náðst milli Íslands og Sovétríkjanna um nýja viðskiptabókun fyrir árin 1991 og 1992. Samkomulagið mun þó ekki taka gildi fyrr en það hefur verið undirskrifað og staðfest af stjórnvöldum beggja landanna.

Fyrri viðskiptabókun féll úr gildi um áramótin og er því í raun ekkert viðskiptasamkomulag nú milli ríkjanna. Bókunin er gerð á grundvelli viðskiptasamnings sem gerður var milli landanna 1953. Undanfarin ár hafa þær verið gerðar til fimm ára og í þeim hafa bæði magn- og verðmætatölur verið tilteknar.

Mikil viðskipti hafa verið milli landanna á grundvelli þessara bókana. Þess má geta í þessu sambandi að á fyrstu 10 mánuðum síðasta árs fluttu Íslendingar út vörur til Sovétríkjanna fyrir tæplega 2,4 milljarða og keyptu þaðan vörur fyrir tæplega 3,7 milljarða.

Að þessu sinni er bókunin þó aðeins almenn viljayfirlýsing til tveggja ára um farsæl viðskipti milli landanna. Í henni er meðal annars að finna skrá yfir þær vörur sem Íslendingar óska eftir að fá keyptar frá Sovétríkjunum fram til ársloka 1992, svo sem bensín, svartolíu, gasolíu, timbur, vélar, bifreiðar og tól til virkjana. Í henni er einnig að finna lista yfir þær vörur sem Íslendingar vilja selja aðilum í Sovétríkjunum, svo sem freðfisk, saltsíld, lagmeti, ullarvörur og vélar til fiskvinnslu.

Í fyrirliggjandi drögum að bókun er kveðið á um að stefnt skuli að sem mestum jöfnuði í viðskiptum landanna. Talað er um að til greina komi að aðilar í löndunum stofni með sér sameiginleg fyrirtæki til að efla viðskiptin. Einnig segir að aðilar bókunarinnar skuli ekki síðar en á miðju ári 1992 hefja viðræður um nýja viðskiptabókun fyrir árin 1993 til 1995.

-kaa

Veður

Suðvestan og sunnan kaldi eða stinningskaldi með súld sunnan- og suðaustanlands en skúrum á vesturlandi og annesjum norðanlands í dag. Hægari og að mestu úrkomulaust í kvöld. Í nótt gengur til sunnanáttar og fer þá að rigna, fyrst vestanlands. Hiti 2–10 stig.

Akureyri	skýjað	7
Egilsstaðir	skýjað	7
Galtarviti	rigning	4
Keflavíkurflugvöllur	rigning	3
Kirkjubæjarklaustur	rign/súld	4
Raufarhöfn	alskýjað	2
Reykjavík	rigning	3
Vestmannaeyjar	rign/súld	5
Bergen	skýjað	2
Helsinki	skýjað	–6
Kaupmannahöfn	léttskýjað	–2
Ósló	skýjað	–4
Stokkhólmur	léttskýjað	–6
Amsterdam	súld	3
Barcelona	þokumóða	6
Berlín	þokumóða	2
Feneyjar	heiðskírt	–2
Frankfurt	alskýjað	2
Glasgow	mistur	3
Hamborg	súld	3
London	skýjað	2
Los Angeles	léttskýjað	12
Lúxemborg	skýjað	–2
Malaga	skýjað	9
Mallorca	heiðskírt	4
Montreal	skýjað	–21
Nuuk	skýjað	–13
París	skýjað	3
Róm	þokumóða	1

Gengið

Gengisskráning nr. 14. – 22. janúar 1991 kl. 9.15

Eining kl. 12.00	Kaup	Sala	Tollgengi
Dollar	54,620	54,780	55,880
Pund	106,727	107,040	106,004
Kan. dollar	47,174	47,312	48,104
Dönsk kr.	9,5323	9,5602	9,5236
Norsk kr.	9,3784	9,4059	9,3758
Sænsk kr.	9,7920	9,8207	9,7992
Fi. mark	15,1491	15,1935	15,2282
Fra. franki	10,7806	10,8122	10,8132
Belg. franki	1,7797	1,7849	1,7791
Sviss. franki	43,5375	43,6651	43,0757
Holl. gyllini	32,5216	32,6169	32,5926
Þýskt mark	36,6700	36,7774	36,7753
Ít. líra	0,04877	0,04891	0,04874
Aust. sch.	5,2061	5,2214	5,2266
Port. escudo	0,4117	0,4129	0,4122
Spá. peseti	0,5830	0,5847	0,5750
Jap. yen	0,41500	0,41621	0,41149
Írskt pund	97,428	97,714	97,748
SDR	78,3415	78,5710	78,8774
ECU	75,5941	75,8155	75,3821

Fiskmarkaðirnir

Faxamarkaður

21. janúar seldust alls 134,275 tonn.

	Magn í tonnum	Verð í krónum Meðal	Lægsta	Hæsta
Blandað	0,377	29,30	20,00	77,00
Gellur	0,022	330,00	330,00	330,00
Hrogn	0,483	319,59	100,00	345,00
Karfi	1,132	47,26	27,00	48,00
Keila	3,358	45,01	39,00	46,00
Langa	0,081	65,00	65,00	65,00
Lúða	0,389	362,62	300,00	430,00
Skarkoli	0,707	89,00	89,00	89,00
Steinbítur	0,651	71,27	64,00	74,00
Þorskur, sl.	96,779	102,42	74,00	113,00
Þorskur, ósl.	9,821	92,29	85,00	120,00
Undirmálsf.	8,421	76,75	57,00	82,00
Ýsa, sl.	8,986	106,55	90,00	117,00
Ýsa, ósl.	3,068	83,70	77,00	98,00

Fiskmarkaður Hafnarfjarðar

21. janúar seldust alls 77,034 tonn.

Þorskur	21,149	105,59	98,00	124,00
Þorskur, ósl.	17,703	91,04	85,00	101,00
Smáþorskur	2,103	85,19	85,00	87,00
Smáþorskur, ósl.	1,408	79,00	79,00	79,00
Ýsa	14,149	106,77	60,00	110,00
Ýsa, ósl.	8,174	86,56	60,00	92,00
Smáýsa, ósl.	0,244	60,00	60,00	60,00
Gellur	0,016	290,00	290,00	290,00
Lýsa, ósl.	0,117	56,15	30,00	60,00
Koli	0,064	83,00	83,00	83,00
Rauðm./grál.	0,086	82,00	82,00	82,00
Hrogn	0,125	361,84	255,00	370,00
Keila	0,206	35,31	20,00	49,00
Karfi	0,364	45,00	45,00	45,00
Steinbítur	0,186	69,42	68,00	70,00
Ufsi, ósl.	0,027	36,00	36,00	36,00
Langa, ósl.	0,284	62,00	62,00	62,00
Langa	1,258	69,73	62,00	71,00
Skata	0,044	50,00	50,00	50,00
Steinbítur, ósl.	1,569	66,96	64,00	67,00
Lúða	0,759	403,99	315,00	460,00
Keila, ósl.	6,947	48,78	38,00	54,00

Fiskmarkaður Suðurnesja

21. janúar seldust alls 93,296 tonn.

Þorskur, bl.	5,082	91,68	91,00	92,00
Þorskur, ósl.	60,773	99,62	88,00	125,00
Þorskur, sl.	1,418	97,41	92,00	100,00
Undirmál.	0,778	75,00	75,00	75,00
Tindaskata	0,013	5,00	5,00	5,00
Langa	0,453	65,63	59,00	69,00
Skata	0,062	82,87	64,00	90,00
Lýsa	0,285	58,61	55,00	59,00
Háfur	1,130	5,00	5,00	5,00
Ufsi	2,296	40,17	37,00	53,00
Steinbítur	2,487	61,41	59,00	80,00
Blandað	0,956	40,42	20,00	57,00
Ýsa, ósl.	13,475	86,47	79,00	97,00
Skarkoli	0,363	73,44	50,00	80,00
Lúða	0,060	509,35	330,00	585,00
Lifur	0,044	10,00	10,00	10,00
Keila	2,345	47,23	35,00	52,00
Hrogn	0,014	190,00	190,00	190,00
Hlýri	0,029	60,00	60,00	60,00
Hlýri + steinb.	0,029	60,00	60,00	60,00
Karfi	1,004	47,67	5,00	52,00
Kinnfiskur	0,059	185,00	185,00	185,00
Gellur	0,031	255,00	255,00	255,00

Freemans
MARGFELDI 145
PÖNTUNARSÍMI · 653900